



275. Stjórnarfundur haldinn 8. nóv. 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ 100 ára afmælisrits UMFÍ sem Jón M. Ívarsson er að skrifa. Verið er að bjóða aðildarfélögum heiðursáskrift. Samþykkt að vera með.

3. Send bréf.

Bréf sent skattstofu Reykjanesumdæmis v/ skil á launaframtölum.

4. Fundur með stjórn badmintondeildar.

Einar bauð Sesselju Birgisdóttur formann deildarinnar og Skúla Sigurðsson þjálfara velkomin. Einar fór yfir tilgang þessa fundar sem er að aðalstjórn hefur sett sér það markmið að funda með öllum stjórnnum félagsins og eiga þeir fundir að koma í stað formannafundar. Einar gaf síðan Sesselju orðið. Sesselja fór yfir þjálfaramál sem eru nú að komast á rétt ról. Samstarf í íþróttamannvirkjum er með besta móti. Fjárhagsstaða er í jafnvægi. Áhugi er á að fjölga í deildinni sérstaklega hjá 8 – 9 ára börnum ekki er lagt mikið uppúr afreksstefnu en hún er til staðar ef einhverjir einstaklingar eru mjög efnilegir. Búningur deildarinnar verður endurnýjaður á næstunni, en verið er að fara í þá vinnu von bráðar. Einar kom inn á heimasíðu félagsins og hvatti deildina til að setja inn þá viðburði sem væru á vegum deildarinnar inn á dagatalið, svo og aðrar fréttir inn á heimasíðu félagsins. Síða deildarinnar er nú í hönnun hjá Dacoda. Einar minnti á að skila inn greinum í jólablaðið. Deildin er að líta eftir nýju fólki í stjórn. Vætanlega verða einhverjar breytingar á skipan stjórnar á næsta aðalfundi. Komið var inn á mikilvægi Felix félagakerfis. Einar skýrði frá stöðu mála á vætanlegu félagsheimili okkar að Sunnubraut. Umræður sköpuðust um málið. Deildin horfir til Akursskóla til hvað varðar æfingaraðstöðu. Einar þakkaði fyrir góðan fund og óskaði deildinni velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi lauk 18:45

5. Íþróttaping í Reykjanesbæ 11. nóv. 2006

Einar fór yfir dagskrá þingsins sem verður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Spurningalisti lá frami frá Stefáni Bjarkasyni MÍT, var framkvæmdastjóra falið að senda inn svörin.

6. Önnur mál.

Einar sagði frá sambandsráðsfundi UMFÍ sem hann og Kári G. sóttu. Kynnti erindi Verndum þau sem Þorbjörg Sveinsdóttir flutti afar fróðlegt. Keflavík íþrótt- og ungmennafélag fékk Hvatningarverðlaun UMFÍ 2006 fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni. Einar tók við blómvendi frá formanni UMFÍ Birni B. Jónssyni því til staðfestingar en verðlaunin verða síðan





afhent við hátíðlega athöfn í okkar heimabyggð. Verður þetta að teljast mikil heiður fyrir félagið. Knattspyrnudeild hélt kaffisamsæti til að þakka velunnurum sínum fyrir stuðninginn á síðasta keppnistímabili. Formanni og varaformanni var boðið fyrir hönd aðalstjórnar þar sem félaginu var færður glergripur ásamt mynd af bikarmeisturum 2006 í þakklætisskyni fyrir dygga aðstoð við deildina.

Næsti fundur er 8. nóv. 2006 með knattspyrnudeild.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:15

